

### 3. fundur stjórnar AP, starfsárið 2019-2020

haldinn að Garðarsbraut 5 á Húsavík mánudaginn 7. október 2019 kl. 10:00.

Mætt: Elías Pétursson, Heiðbjört Þóra Ólafsdóttir, Helgi Héðinsson, Jóna Björg Arnarsdóttir, Margrét Hólm Valsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir. Einnig sat Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð. Þá sátu starfsmenn félagsins, Ari Páll Pálsson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson og Silja Jóhannesdóttir fundinn undir fyrsta dagskrárlið.

#### Á fundi gerðist þetta:

Formaður stjórnar, Elías Pétursson, setti fundinn og stjórnaði honum.

#### 1. Starfsáætlun 2020 – forsendur og áherslur

Farið yfir form starfsáætlunar sem byggir á samþykktum atvinnuþróunarfélagsins og samningum við Bygðastofnum en undanfarin tvö ár hefur hún einnig grundvallast á megin áherslum sem lagðar voru af stjórn á sínum tíma í þeim málaflokkum sem skilgreindir eru í samningi Bygðastofnunar við atvinnuþróunarfélögin.

Starfsmenn og einstakir stjórnarmenn tjáðu sig um form og innihald áætlunarinnar sem almenn samstaða er um. Fram komu ábendingar varðandi skýrari skilgreiningu ábyrgðar á einstökum verkefnum, forgangs röðun verkefna og eftirfylgni þeirra ásamt og upplýsingagjöf til stjórnar. Þá megi í ákveðnum tilfellum skilgreina betur hlutverk samstarfsaðila í einstökum verkefnum.

Farið var yfir einstök meginmarkmið gildandi áætlunar, þau rædd og eftir atvikum endurskilgreind eða áherslur lagðar í eftirfarandi markmiðum:

- 2.2.1 Styrkja jaðarsvæði – samstaða um mikilvægi þess að halda markmiðinu áfram inni.
- 2.2.2 Auka fjölbreytni og sjálfbærni í atvinnulífinu – markmiðið áfram inni og sérstaklega rætt um lífhagkerfið og störf án staðsetningar undir þessum lið ásamt því að horft sé á nýsköpunarmöguleika útfra núverandi atvinnulífi svæðisins.
- 2.3.1 Auka sýnileika og aðgengi að atvinnuráðgjöf á öllu svæðinu – markmiðið áfram inni sem mikilvægt viðvarandi verkefni.
- 2.3.2 Styrking innviða fyrirtækja og efling samstarfs innan atvinnulífsins – áframhaldandi markmið með áherslu á að styðja einyrkja en einnig rætt hvernig félagið geti stuðlað að eflingu Samtaka atvinnurekenda á svæðinu.
- 2.4.2 Aukin og bætt auðlindanýting –
- 2.5.1 Innviðir – viðvarandi verkefni sem halda þarf á lofti.
- 2.5.2 Aðgengi að þjónustu á svæðinu – sérstaklega rætt um almenningssamgöngur innan svæðis undir þessu markmiði.
- 2.5.3 Félagslegur fjölbreytileiki – ákveðið að taka út sem sérstakt markmið enda frekar á sviði sveitarfélaganna og Þekkingarnets Þingeyinga en atvinnuþróunarfélagsins.
- 2.6.1 Heildarsýn yfir atvinnustarfsemi á svæðinu – mikilvægt að halda þessu markmiði inni og þá eftir atvikum í samstarfi við Þekkinganet Þingeyinga og aðrar stofnanir.

2.7.2 Samstarf – áhersla verði á að ná samlegð í verkefnum með því samstarfi sem fram fer.

Starfsmönnum falið að vinna drög að starfsáætlun á þeim grunni sem lagður er hér að framan. Drögin verði send á stjórn og jafnframt leitað umsagnar sveitarfélaganna, aðila atvinnulífsins og helstu samstarfsstofnana.

## 2. Rekstraráætlun 2020

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir áætluninni sem byggir á þeim starfsmannafjölda sem er í dag, þ.m.t. starfsmönnum í sérverkefnum vegna Brothættra byggða og Húsavíkurstofu sem gert er ráð fyrir að verði út árið. Ekki liggur fyrir hvert rekstrarframlag Byggðastofnunar verður en gert er ráð fyrir því í áætluninni að það breytist skv. verðlagsbreytingu milli ára líkt og framlög sveitarfélaganna. Heildartekjur eru áætlaðar 79,0 mkr. og rekstrargjöld 77,3 mkr. en þar af eru laun og launatengd gjöld 63,5 mkr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir jákvæðir um 0,5 mkr. og rekstrarniðurstaða ársins er áætluð jákvæð um 2,2 mkr.

Áætlunin samþykkt samhljóða og verður send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu.

## 3. Fundaplan starfsársins

Fyrir lá tillaga að fundaplani sem send hefur verið stjórnarmönnum til yfirferðar. Í ljósi fjölda varastjórnamanna á fundinum var samþykkt að fela aðalmönnum afgreiðslu fundaplansins í gegnum tölvupóst.

## 4. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15